

## Starfsáætlun leikskólans Akra árið 2015-2016

### Helstu verkefni og áherslur

Leggja áherslu á grunngildi leikskólans Akra sem eru virkni og vellíðan.

Vellíðan barna eru höfð í fyrirrúmi enda verður börnunum að líða vel í leikskólanum svo þau geti tekið þátt.

Starfið er svo skipulagt út frá þátttöku og virkni barnanna. Gengið er út frá því að börnin hafa eitthvað til málanna að leggja um allt sem varðar þeirra með tilliti til aldurs og þroska.

- Skapa menningu á Ökrum.
- Hella okkur í þróunarverkefnið „Vinátta“.
- Laga ferilmöppur.
- Bæta upplýsingaflæði, um starfið, hvað erum við að gera í leikskólanum og hvernig líður barninu.
- Halda Uppbyggingastefnunni á lofti.
- Byrja með dagatal með viðfangsefnum skólaársins, verkefni mánaðarins börn/starfsmenn.

### Áherslur í foreldrasamstarfi

- Þátttökuaðlögun, lykilmenn, boða nýja foreldra á fund að vori.
- Vinna með foreldraráði og foreldrafélagi.
- Hafa tvö foreldraviðtöl þar sem allir eru boðaðir, að hausti og aftur að vori?
- Bæta okkur í upplýsingamiðlun
- Skilin milli skólastiga. Kennari, barn og foreldri fara yfir og velja gögn í möppuna sem fer úr leikskóla í grunnskóla.

### Stefna í starfsmannahaldi.

- Viðhalda góðum starfsanda.
- VIRK- vinnustund
- Að leita eftir mannauði hvers og eins.
- Að dreifa ábyrgð og deila verkefnum.
- Lagfæra og virkja móttökuáætlun nýrra starfsmanna.
- Vera dugleg að minna okkur á starfsmannasáttmálann.

Markmið okkar er að allir fái að blómstra á Ökrum ☺